



**LANDSSAMTÖK
LÍFEYRISSJÓÐA**

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1362
komudagur 18.4.2005

Félagsmálanefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. apríl 2005

Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um tillögu til þingsályktunar um rétt til að flýta starfslokum og töku lífeyris.

Félagsmálanefnd hefur óskað eftir umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða varðandi tillögu til þingsályktunar um rétt til að flýta starfslokum og töku lífeyris, 247. mál.

Landssamtök lífeyrissjóða vilja vekja athygli nefndarmanna á 14. gr. laga nr. 129/1997 um starfsemi lífeyrissjóða og skyldutryggingu lífeyrisréttinda en þar er kveðið á um að lífeyrissjóði sé heimilt að gefa sjóðfélögum kost á að fresta eða flýta töku lífeyris um allt að fimm ár. Í samþykktum skal kveðið nánar um hvernig frestun eða flýting lífeyristöku hefur áhrif á fjárhæð lífeyris. Algengast er að hægt sé að flýta töku ellilífeyris til 65 ára aldurs eða fresta henni til 70 ára aldurs. Þessar reglur eru þó mismunandi eftir lífeyrissjóðunum, en reglur um flýtingu eða frestun á töku ellilífeyris eru þannig reiknaðar að sjóðfélaginn á hvorki að hagnast né tapa, hvort sem hann velur að taka lífeyri fyrr eða seinna.

Í greinargerð með þingsályktunartilögunni er vikið að því að leita þurfi leiða til að hefja töku lífeyris vegna óvæntra starfsloka, eins og það er orðað. Óvænt starfslok geta líka verið vegna veikinda eða slysa og stofnast þá í slíkum tilvikum örorkulífeyrisréttur hjá viðkomandi lífeyrissjóði. Þá ber að nefna að viðbótarlífeyrissparnaður, sem lögfestur var með lífeyrissjóðalögunum tók gildi í ársbyrjun 1999 og er nú algengast að samantöggð iðgjöld í viðbótarlífeyrissparnað sem launþega og atvinnurekendur greiða séu um 6% af heildarlaunum. Heimilt er að hefja töku lífeyrissparnaðarins við 60 ára aldursmarkið. Ljóst er að viðbótarlífeyrissparnaðurinn mun í framtíðinni koma sér vel fyrir þá launþega, sem þurfa að hætta störfum vegna annarra ástæðna en veikinda eða slysa eða kjósa að fara í hlutastarf eftir 60 ára aldur.

Landssamtök lífeyrissjóða eru ekki hlynnt því að settar verði almennar reglur sem hvetja megin þorra launþega til snemmtöku lífeyris. Í nágrannalöndum okkar eru þvert á móti uppi miklar umræður, hvernig ber að hvetja launþega til að halda áfram á vinnumarkaði eftir 60 ára aldur. Því ber að forðast að hafa reglur um snemmtöku lífeyris of rúmar. Þingsályktunartillagan gengur líka ekki út á það að

búa til slíkar reglur, heldur að koma til móts við þá einstaklinga sem verða atvinnulausir vegna tæknibreytinga eða annarrar röskunar á starfsumhverfi. Lífeyrissjóðirnir geta hins vegar ekki lækkað eftirlaunaaldurinn nema út frá tryggingafræðilegum forsendum, þ.e.a.s. að sjóðfélaginn á ekki að hagnast á því að taka lífeyri fyrr. Slíkar reglur um lækkun lífeyrisfjárhæða við snemmtöku lífeyris er því algjör forsenda hjá lífeyrissjóðunum. Vandséð er því með hvaða hætti lífeyrissjóðirnir geta komið að þessari þingsályktunartillögu umfram þau heimildarákvæði sem getið er um í 14. gr. lífeyrissjóðalaganna.

Virðingarfyllst,
LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

